

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2023

2023/EES/75/22

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 frá 17. apríl 2019 um Netöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA), um netöryggisvottun upplýsinga- og fjarskiptatækni og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 526/2013 (gerð um netöryggi) ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/881 fellir niður reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott samkvæmt EES-samningnum.
- 3) XI. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5cp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 R 0881**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 frá 17. apríl 2019 um Netöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA), um netöryggisvottun upplýsinga- og fjarskiptatækni og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 526/2013 (gerð um netöryggi) (Stjtid. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 15).

Texti reglugerðarinnar skal, að því er samning þennan varðar, aðlagður sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ og önnur hugtök, sem vísa til yfirvalda aðildarríkjanna í reglugerðinni, á þann veg að þau taki til EFTA-ríkjanna og yfirvalda þeirra auk ríkja og yfirvalda sem þau taka til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar stofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.
- c) Að því er varðar EFTA-ríkin ber að skilja vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.
- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 14. gr.:

„5. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar og skulu innan hennar hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar.“
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 28. gr.:

„4. Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð (EB) nr. 1049/2001 einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

⁽¹⁾ Stjtid. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtid. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 41.

f) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 30. gr.:

„3. EFTA-ríkin skulu taka þátt í fjárframlagi frá Sambandinu sem vísað er til í a-lið 1. mgr. Hvað þetta varðar gildir málsmeðferðin sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 við EES-samninginn að breyttu breytanda.“

g) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 34. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

h) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 35. gr.:

„EFTA-ríkin skulu láta stofnunina og starfsfólk hennar njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.“

i) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 40. gr.:

„3. Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

j) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 62. gr.:

„6. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í evrópska netöryggisvottunarahópnum, þó án atkvæðisréttar.“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„48. Evrópskur netöryggisvottunarahópur (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2019/881 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2023 frá 3. febrúar 2023 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Stjtið. ESB L, 2023/2310, 19.10.2023 og EES-viðbætur nr. 75, 19.10.2023, bls. 32.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna**vegna ákvörðunar nr. 22/2023 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2019/881 inn í samninginn**

Samningsaðilar viðurkenna að innleiðing þessarar lagagerðar er með fyrirvara um beitingu bókanar 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins til handa ríkisborgara EFTA-ríkjanna á yfirráðasvæði hvers aðildaríkis Evrópusambandsins, í samræmi við 11. gr. bókanarinnar.